

# Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2025

## Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna geta utanaðkomandi aðilar átt aðild að rannsóknastofunni til skemmri eða lengri tíma. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Í upphafi árs 2024 varð breyting á reglum rannsóknastofunnar í kjölfar breytinga á fyrirkomulagi rannsóknastofa innan Hugvísindasviðs. Þessar breytingar hafa engin áhrif á starf stofunnar, helstu breytingar eru þær að ekki þarf að skipa stjórn og ekki er lengur kveðið á um fundi. Rannsóknastofan telst nú vera af þeirri gerð sem lýst er sem „óformlegur vettvangur rannsóknastarfs og/eða samvinnu á vel afmörkuðu sviði sem hefur ekki reglubundinn fjárhagslegan rekstur“. Ábyrgðaraðili stofunnar verður greinarformaður í táknmálsfræði og táknmálstúlkun við HÍ sem leiðir starfið ásamt forstöðumanni SHH. Það felst m.a. í því að meta ár frá ári hverjir eru virkir í rannsóknastarfi á sviði stofnunarinnar og fái boð á fundi hennar. Reglur rannsóknastofunnar má lesa hér <https://malvis.hi.is/is/rannsoknir-rannsoknastofur/rannsoknastofa-i-taknmalsfraedum>

## Rannsóknir

### Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum.

Styrkir á árinu:

- Styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefninu *Staðlaður orðaforði fyrir grunnbreytur í ÍTM*. Verkefnið var samvinnuverkefni milli SHH og Háskóla Íslands og var táknmálsfræðineminn Sunna Bohn ráðin til að vinna að verkefninu í tvo mánuði yfir sumartímann. Verkefnið snérist um að þróa og búa til staðlaðan orðaforða fyrir hljóð- og hljóðkerfislegar breytur í ÍTM, handform, hreyfingu, afstöðu og myndunarstað.
- Í lok árs 2025 fékkst styrkur úr Markáætlun í máltækni (Rannís) í þriggja ári verkefni; Táknað og talað: Fjölhátta máltækni fyrir íslenskt táknmál og talmál. Verkefnið er þriggja ára rannsóknarverkefni sem miðar að því að þróa fyrstu tölvutæku lausnina sem sameinar íslenskt talmál og íslenskt táknmál. Verkefnið mun safna fjölhátta gögnum, þróa aðferðir til að tengja saman tal og tákni og búa til frumgerð sem getur þýtt á milli talmáls og táknmáls. Markmiðið er að auka aðgengi, styðja við íslenska máltækni og efla stöðu ÍTM. Verkefnið er leitt af Dr. Torfa Þórhallssyni lektor við Háskólann í Reykjavík. Báðar stofnanir innan Rannsóknastofunnar, HÍ og SHH, voru meðumsækjendur í verkefninu sem og RÚV og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þátttaka í málþingum og ráðstefnum:

- Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir kynntu rannsóknina „Language Ideologies and Icelandic Sign Language (ÍTM)“ með veggspjaldi á ráðstefnunni Theoretical Issues in Sign Language Research 15 (TISLR 15), Addis Ababa University, 14.-17. janúar 2025. Ráðstefnan er á vegum samtakanna Sign Language Linguistics Society ([www.slls.eu](http://www.slls.eu)) og var haldin af Addis Ababa University í samstarfi við the Ministry of Women and Social Affairs (MoWSA) í Eþíópíu.
- Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir fluttu erindið „Málhugmyndafræði og íslenskt táknmál“ á Hugvísindapíngi Háskóla Íslands, þann 8. mars, í málstofunni: „Íslenskt táknmál og íslenska sem annað mál: Um málhugmyndafræði, viðhorf og menningu“.
- Rannveig Sverrisdóttir flutti erindið „Tvær málnefndir: Íslenskt táknmál og stjórnsýslan“ á Málræktarþingi Íslenskrar málnefndar, þann 25. september 2025.
- Guðný B. Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir fluttu erindið „Breytileiki í framburði í táknmálum“ í Málvísindakaffi Íslenska málfræðifélagsins, þann 14. nóvember 2025.

Annað:

Í janúar fóru alls fimm aðilar Rannsóknastofunnar á ráðstefnuna Theoretical Issues in Sign Language Research (TISLR15) í Addis Ababa í Eþíópíu. Í mars sóttu Guðný B. Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir tveggja daga málþing við Háskólann í Jyväskylä sem bar heitið Nordic Innovations in Linguistics: Multi-Method approaches for understanding language (LINNORD). Málþingið var skipulagt af Háskólanum í Jyväskylä (JYU) og Vísinda- og tækniháskóla Noregs (NTNU) og kynntu aðilar frá þeim skólum rannsóknarverkefni sem tengdust málheildarverkefnum landanna. Í september sóttu þær tveggja daga táknmálsfræðiráðstefnu, Sign Café 3, við Háskólann í Varsjá í Póllandi.

## Heimsóknir fræðimanna

Í maí kom Dr. Luigi Leroise rannsóknardósent við University of Central Lancashire (UCLan) og fyrrum formaður Félags evrópskra táknmálskennara (ENSLT) til landsins og hélt vinnustofu fyrir táknmálskennara á SHH. Hann hélt einnig fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í táknmálsfræðum; „Improving Sign Language - Theoretical understanding of sign linguistics; Tools to identify linguistic errors; Practice activities to minimise and ideally eliminate errors“.

Fyrirlestur Dr. Leroise var fluttur á alþjóðatáknun (IS) en túlkaður bæði yfir á ensku og íslenskt táknmál.

Í ágúst heimsótti Dr. Lindsay Ferrara, prófessor í táknmálsfræðum við Vísinda- og tækniháskóla Noregs (NTNU), Samskiptamiðstöð heyrnarláusra og heyrnarskertra og vann þar með Guðnýju B. Þorvaldsdóttur að undirbúningi málheildar og skráningu gagna í ELAN. Lindsay hélt erindi á vegum Rannsóknastofunnar í Háskóla Íslands þann 12. ágúst um endurgjöf í táknmálssamskiptum.

## Kynningarstarfsemi og útgáfa

Tvær greinar eftir aðila Rannsóknastofunnar birtust á árinu:

- Rannveig Sverrisdóttir. 2025. Tvær málnefndir: Íslenskt táknmál og stjórnsýslan. *Málfrægnir* 23,1: 24-26. <https://islenskan.is/wp-content/uploads/2025/11/16-nov-Malfregnir-indesign-2025-35-17.pdf>
- Valgerður Stefánsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, 2025. Icelandic sign language ideologies and practices in education. *Journal of Multilingual and Multicultural Development*, 1–16. <https://doi.org/10.1080/01434632.2025.2548568>